

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

I. Bifreiðastöður bannaðar:

1. Á Barónsstíg, vestan megin götunnar.
2. Á Hávallagötu, norðan megin götunnar.

II. Reykjavegur verði aðalbraut, þó skal umferð um Suðurlandsbraut og Sundlaugaveg hafa forgangsrétt fyrir umferð um Reykjaveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. júlí 1965.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Miðneshrepp.

### I. KAFLI

#### A. Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Miðneshrepps, þó sérstaklega fyrir þéttbýli í hreppnum, en fyrir sveitarbýli eftir því, sem við verður komið.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum samþykktarinnar með leyfi heilbrigðisnefndar, ef óhjákvæmilegt þykir vegna aðstæðna eða staðháttar.

##### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð 5 mönnum. Er hreppstjóri sjálfkjörinn í nefndina og jafnframt formaður hennar, þá á héraðslæknir sæti í nefndinni, og loks eru þrír menn valdir af hreppsnefnd.

##### 4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til funda svo oft sem þurfa þykir. Honum er skylt að kveðja nefndina á fund, ef einhver hinna nefndarmanna æskir þess.

##### 5. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur gerðabók, og skulu í hana skráðar fundargerðir, svo og kærur, sem nefndinni berast. Senda skal hreppsnefnd samþykktir eða álitsgerðir fundarins eða afrit af fundargerð.